

**Nd.**

**752. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipun dýralækna á Íslandi  
2. október 1891.

Frá meiri hluta Landbúnaðarnefndar.

1. Við fyrirsögnina :

Fyrirsögnin skal vera svo:

Frumvarp til laga um dýralækna.

2. Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist:

Stjórnarráðið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

3. Eftir 2. gr. skulu koma þessar greinar :

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr landssjóði 5 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi. Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febr. 1894 um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknir ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararþétt og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Stjórnarráðið setur dýralæknum erindisbrjef og ákveður í því starfsvið þeirra.

6. gr.

Lög um skipun dýralækna á Íslandi 2. okt. 1891 eru númin úr gildi.